



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2016

## ENSK2OR05 Orðaforði og ritun

<b>Kennari:</b>	<b>Paola Ýr Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>PD</b>
-----------------	-------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

**Undanfari:** ENSK2OL05

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

## Námsefni:

**New Writing Exercises Autumn 2016**  
**Academic Word List Autumn ENSK2OR05**

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

**Kjörbók:** Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

**Forget You Had A Daughter** Sandra Gregory

**Land of the Living** Nicci French

**Out Of My Depth** Emily Barr

fjölrit á skrifstöfu FSU

fjölrit á skrifstöfu FSU

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Mismunandi vinnuþlön verða kinnir í fyrsta tíma. Nemendur mega líka búa til sína eigin áætlun.

## Sérreglur áfangans:

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf eftir ákvörðun kennara. Moodle er notað sem upplýsingabanki. Nemendur 20 ára eða eldri skulu undirrita námssamning við kennara.

**Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.**

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	Eitt próf	10%
Munnlegt verkefni	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	25%
Lesskilningur	Tvö verkefni	10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 17. ágúst 2016

Paola Ýr Daziani